

# Foreldrahandbók Grænuborgar

## Velkomin í leikskólann

Hjartanlega velkomin í leikskólann Grænuborg. Það er verulega gaman að fá ykkur í hóp Grænuborgara. Í leikskólanum leggjum við áherslu á gleði, umhyggju, vinsemd og virðingu, að öllum líði vel og finnist skemmtilegt.

## Um Grænuborg

Leikskólinn Grænuborg stendur við Eiríksgötu 2, efst á Skólavörðuholtinu. Hann er rekinn af Reykjavíkurborg, Skóla- og frístundasviði. Húsnæðið er í eigu Barnavinafélagsins Sumargjafar. Byggingin er um það bil 629m<sup>2</sup> að stærð. Skólanum er skipt í fjórar aldurskiptar deildir sem heita: Dropadeild, Mánadeild, Stjörnudeild og Sólskinsdeild. Þar til viðbótar eru meðal annars í skólanum salur, listasmiðja, tónlistarherbergi og sérkennsluherbergi auk eldhúss og aðstöðu fyrir starfsfólk. Í bakgarðinum er stórt leiksvæði með sandkössum, rennibraut, grasflötum, matjurtagarði, sleðabrekku, rólum og fleiru.

Grænuborg var fyrst opnuð í júlí 1931, við Hringbraut í Reykjavík. Það var Barnavinafélagið Sumargjöf sem lét reisa leikskólann fyrir börn í Reykjavík. Félagið sá um rekstur leikskólans til ársins 1978, en þá tók Reykjavíkurborg við rekstrinum. Í apríl 1983 var núverandi húsnæði skólans opnað. Hérna er hægt að fræðast um Barnavinafélagið Sumargjöf <https://sumargjof.is/>

Í skólanum er gert ráð fyrir 75 börnum eða um 741 barnastundir. Börnin eru á aldrinum tveggja til sex ára og raðast þau á deildir miðað við aldur. Boðið er uppá fjögurra til níu stunda viðveru í skólanum. Hver og ein deild hefur sitt dagskipulag miðað við aldur barnanna.

Í leikskólanum starfa, auk deildarstarfsfólks, leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, starfsfólk vegna sérkennslu og afleysinga, og starfsfólk í eldhúsi. Venjulega er starfsfólkið rúmlega 20 talsins, en það getur verið breytilegur fjöldi starfsmanna á milli ára.

Leikskólinn er opinn frá kl. 7.45 – 16.30.

Heimasíða [www.graenaborg.is](http://www.graenaborg.is)

Símanúmer Grænuborgar er 411-4470

## Aðalnámskrá

[Hérna](#) má nálgast aðalnámskrá leikskóla sem menntamálaráðuneytið gefur út.

## Aðlögun

Gert er ráð fyrir vikutíma í að aðlaga nýtt barn. Aðlögunartíminn fer eftir vistunartíma hvers barns fyrir sig. Við upphaf leikskóladvalarinnar fær forráðamaður nánari tímasetningu aðlögunar. Börn sem fá góða aðlögun í upphafi eru yfirleitt öruggari og sáttari með hið nýja umhverfi. Auk þess gefur aðlögunartíminn foreldrum gott tækifæri til að kynna starfsemi leikskólans. Aðlögun á yngstu deild unum er þátttökuaðlögun, sem þýðir að foreldrar eru með barninu fyrstu þrjá dagana í leikskólanum.

### *Afmæli*

Þegar börnin eiga afmæli fá þau kórónu í leikskólanum, þau fá sérstaka diska til að borða af og sungið er fyrir þau. Við biðjum foreldra um að nota ekki leikskólann til að bjóða í afmæli, hvorki skriflega né munnlega. Það getur valdið miklum leiða hjá þeim sem ekki fá boð um að mæta.

### *Afsláttur af leikskólagjaldi*

Hægt er að sækja um afslátt af leikskólagjaldi. Hægt er að nálgast upplýsingar um það í reglum um afslætti [hérna](#).

### *Auglýsingar*

Foreldrar eru hvattir til að lesa vel allar auglýsingar sem hanga uppi á deildum og fylgjast þannig með því sem er að gerast á deildinni og í skólanum. Eins er mikilvægt að fylgjast með tilkynningum sem sendar eru í tölvupósti, í dagatali á heimasíðu skólans og í dagatali í Völu.

### *Aukaföt*

Það er nauðsynlegt að börnin hafi aukasett af fötum með í skólann á degi hverjum, því ýmislegt getur komið fyrir þannig að nauðsynlegt sé að hafa fataskipti. Hægt er að geyma aukafötin í þar til gerðum körfum á baðherbergi deilda.

### *Barnið kemur og fer*

Þegar komið er með barnið í leikskólann og þegar það er sótt er nauðsynlegt að **láta starfsfólk viðkomandi deildar vita, þetta á sérstaklega við um þegar börnin eru í útiveru**. Miðað er við að þeir sem komi með eða koma að sækja börnin í leikskólann séu ekki yngri en 12 ára. Nauðsynlegt er að hringja og láta skólann vita ef einhverjir aðrir en foreldrar, eða þeir sem koma oft, koma og sækja börnin í leikskólann.

### *Dagatal*

Dagatal skólans er á heimssíðu leikskólans og í Völu.

### *Dvalarsamningur*

Í upphafi leikskólagöngunnar gera foreldrar samning um dvalartíma barna sinna. Ber þeim að virða þann samning - allt skipulag skólans miðast við þetta, til dæmis varðandi starfsmannafjölda hverju sinni. Dvalarsamningi er hægt að breyta ef þess er óskað og breytast þá gjöldin í samræmi við það. Sótt er um breytingar á dvalartíma í gegnum rafrænu Reykjavík. [Hérna](#) er tengill að rafrænni reykjavík Sækja þarf um breytingar með mánaðar fyrirvara. Dvalarsamningi ber að segja upp með eins mánaðar fyrirvara. Miðast uppsögnin við 1. eða 15. hvers mánaðar.

### *Fatahólfín*

Hægt er að geyma regnföt og önnur aukaföt í leikskólanum á virkum dögum, en það er nauðsynlegt er að tæma hólf barnanna á föstudögum.

### *Foreldrafélag*

Við skólann er starfandi foreldrafélag. Allir foreldra sem eiga börn í leikskólanum eru aðilar að félaginu. Árgjald er kr. 6000. Kosin er stjórn félagsins á aðalfundi að hausti. Stjórn foreldrafélagsins skipuleggur viðburði og starf til hliðar við leikskólastarfið.

### **Foreldraráð**

Við skólann er starfandi foreldraráð samkvæmt lögum. Í því sitja að jafnaði þrjú foreldra auk leikskólastjóra. Ráðið gefur umsagnir um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Það hefur einnig umsagnarrétt varðandi meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu.

### **Foreldraviðtöl**

Foreldraviðtölin eru í október/nóvember og svo aftur í mars/apríl. Ef foreldrar óska eftir viðtali við deildarstjóra á öðrum tíma er það auðsótt mál. Hægt er að hringja eða senda póst til þess að panta viðtalstíma.

### **Forföll - fjarvera**

Við biðjum foreldra um að hringja eða skrá í Völu og láta vita ef börn eru lasin heima eða forfallast af öðrum sökum. Mikilvægt er að fá þessar upplýsingar fyrir kl. 10 á morgnana því þannig fæst yfirsýn yfir daginn og skipulag eldhúss verður auðveldara.

### **Gildi Grænuborgar**

**Gleði** – gleðjumst með börnunum, samstarfsfólkinu og foreldrum. Sýnum gleði í samskiptum, því gleði gefur okkur öllum mjög mikið. Gerum hluti til að gleðja aðra, sýnum gleðina í samskiptum og í umgengni við umhverfi okkar.

**Umhyggja** – sýnum umhyggju í samskiptum og vinnu, látum okkur aðra varða og sýnum það í orði og verki. Gerum hluti til að sýna að við berum umhyggju fyrir hvort öðru og umhverfi okkar.

**Vinsemd** – verum vinir og komum fram af vináttu, sínum kærleik og látum alla finna fyrir mikilvægi hvers og eins.

**Virðing** – sýnum hvort öðru að við virðum hvort annað. Umhverfinu þarf einnig að sýna virðingu. Gerum og segjum hluti til að sýna að við berum virðingu fyrir hvort öðru og umhverfi okkar.

### **Heimili og skóli**

Heimili og skóli eru landsamtök foreldra. [Hérna](#) er heimasíðan þeirra.

### **Hliðið**

Hliðið verður að vera **lokað** á öllum tímum, bæði þegar börnin eru úti og inni. Foreldrar eru vinsamlega beðnir að láta þá sem koma með og sækja börnin í leikskólann vita af þessu. **Þetta er afar mikilvægt atriði.**

### **Klæðnaður og merkingar á fatnaði**

Mjög nauðsynlegt er að börnin komi með klæðnað sem hentar veðrinu hverju sinni eins og regngalla og stígvél, kuldagalla, kuldaskó og svo framvegis. Oft kemur fyrir að fatnaður glatast í leikskólanum. Til að minnka líkur á því er nauðsynlegt að merkja allan fatnað barnanna og þó sér í lagi útifatnað.

### **Leikföng**

Leikföng að heiman eru leyfð á sérstökum leikfangadögum sem eru auglýstir sérstaklega og þá er leyfilegt að koma með **einn hlut í einu** til að minnka umfangið. Haf þu í huga að starfsfólk skólans getur ekki tekið ábyrgð á leikföngum sem koma að heiman. Þess fyrir utan eiga leikföng eða aðrir aukahlutir að vera heima.

### **Leikskólagjöld**

Borgað er gjald fyrir hvern mánuð. Hægt er að skoða gjaldskrána [hérna](#).

### ***Lyfjagjafir***

Starfsfólki skólans er ekki heimilt að gefa börnum lyf í skólanum. Undantekning er þó gerð fyrir lyf eins og astmalyf, flogaveikilyf og önnur lyf sem tekin eru að staðaldri.

### ***Lög um leikskóla***

Hérna má nálgast [lög um leikskóla](#).

### ***Námskrá Græuborgar***

Hver leikskóli gefur út sína námskrá út frá Aðalnámskrá leikskóla. Námskrá Græuborgar má nálgast hérna. [Námskrá Græuborgar](#)

### ***Netfangaskrá***

Foreldrar eru beðnir um að leiðrétta netföng sín hjá deildarstjórum ef þarf.

### ***Símanúmer***

Þegar barn byrjar í leikskólanum ber að skrá niður símanúmer þar sem hægt er að ná í foreldra eða aðra aðstandendur á meðan á dvalartíma stendur. Þetta er nauðsynlegt til þess að hægt sé að ná í forráðamenn ef barnið veikist eða ef það kemur eitthvað uppá í skólanum. Muna þarf að tilkynna breytingar.

### ***Skráningar og skimanir***

Hljóm-2 er skimunartæki til að athuga hljóðkerfis- og málvitund hjá elstu börnum leikskólans. Hljóm-2 er byggt á niðurstöðum úr langtímarannsókn á tengslum hljóð- og málvitundar við lestrarfærni. Þetta próf er lagt fyrir öll elstu börnin í Græuborg. Niðurstöður eru svo notaðar til þess að vinna að þeim þáttum sem hugsanlega þarf að styrkja. Niðurstöðurnar fylgja barninu í grunnskólann.

EFI-2 er skimun á málþroska hjá börnum á fjórða ári. EFI-2 er skimun sem gefa vísbendingu um hvernig börnum miðar áfram í málþroskaferlinu. Þessi skimun er lögð fyrir öll börn í Græuborg sem eru á fjórða ári.

Íslenski máhljóðamælirinn er skimunartæki sem skólinn notar til þess að skima framburð, hljóðkerfisþætti og skiljanleika tals hjá öllum aldurshópum. Niðurstöður eru svo notaðar til þess að vinna með þætti sem hugsanlega þarf að styrkja.

### ***Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur***

Skóla og frístundasvið heldur utan um rekstur allra skóla og frístundaheimila í Reykjavík. Hérna má sjá heimasíðuna þeirra. [Skóla – og frístundarsvið Reykjavíkur](#)

### ***Sumarleyfi***

Leikskólinn lokar í fjórar vikur á sumrin. Tekin er ákvörðun í samráði við foreldraráð leikskólans um tímasetningu. Öll börn þurf að taka 4 vikur samfleytt í sumarleyfi ár hvert.

### ***Starfsdagar***

Leyfilegt er að loka leikskólanum sex daga á ári vegna starfsdaga. Þrjú þeirra þurfa að vera heilir dagar, en leyfilegt er að skipta hinum þremur upp. Leitast er við að þrjú dagar séu í samræmi við lokun í grunnskóla hverfisins, Austurbæjarskóla.

## Útivera

Gert er ráð fyrir því að öll börnin fari út að minnsta kosti einu sinni á dag, nema veðrið hamli því. Þau börn sem ekki mega fara út vegna veikinda eiga að vera heima.

## Veikindi barna

Ætlast er til að börnin geti tekið þátt í öllu starfi í leikskólanum og þá auðvitað verið úti ef þau koma í leikskólann. Ef barn er lasið með hita á það að vera heima en ef það fær hita í leikskólanum er hringt í foreldra og þeir beðnir að sækja barnið. Hafi barn verið heima með hita í einhverja daga en er orðið hitalaust er í lagi að hafa barnið inni í leikskólanum í einn dag ef aðstæður leyfa. Gott er þó að hringja í leikskólann áður en komið er með barnið til að athuga hvort hægt er að hafa barnið inni þann dag.

## Þagnarskylda

Allt starfsfólk leikskólans er bundið þagnarskyldu.

## Hefðir og hátíðir

Skapast hafa ákveðnar hefðir í leikskólanum í tengslum við hefðir og hátíðir í samfélaginu. Þær helstu sem valdar hafa verið og henta leikskólastarfinu eru eftirfarandi:

**Jólaball** – um eða eftir miðjan desember er haldið jólaball í sal skólans. Dansað er í kringum jólatré og tekið á móti jólasveinum, sem stjórn foreldrafélagsins sér um að útvega.

**Jólakaffi** – í byrjun desember baka börnin piparkökur og skreyta og bjóða síðan foreldrum í kaffi og piparkökur. Boðið er upp á að búa til jólaskraut í jólakaffinu, til dæmis jólaskó til að setja út í glugga.

**Leikrit** – á hverju skólaári eru fengnir einn til þrjár leikhópar til að koma og vera með leiksýningar í skólanum, það fer eftir verði og framboði hverju sinni hversu margar og hvaða sýningar eru valdar.

**Kveðjuhátíð elstu barna** – í maí er gert eitthvað óhefðbundið með börnum sem eru á leið í grunnskóla. Haldin er kveðjuhátíð og farið í óvissuferð.

**Spilerí í sal** á Þorláksmessu, þá koma börn og spila fyrir okkur jólalög í salnum.

**Sveitaferð** – farin er ferð með rútu á sveitabæ í nágrenni Reykjavíkur og dýrin skoðuð. Foreldrum er jafnan boðið með og yfirleitt grillað í sveitinni.

**Opið hús** – í maí er haldin ein sýning, þar sem skólinn er opinn öllum sem áhuga hafa á að skoða hann. Þá eru verk barnanna til sýnis.

**Sumarhátíð** – haldin er hátíð í byrjun sumars í samvinnu við stjórn foreldrafélagsins. Farið er í skrudgöngu um hverfið, sunginn brekkusöngur og síðan eru borðaðar grillaðar pylsur í garði leikskólans.

**Öskudagur** – Öskudagsball/furðufataball: Börnin koma í einhvers konar búningum/furðufötum og haldið er ball í sal skólans. Þar er snakk slegið úr tunnu, dansað og haft gaman.

**Þorrablót** – á Þorranum höldum við þorrablót í salnum. Öll börn í skólanum og allir kennarar mæta þá í salinn, þar sem búið er að raða upp borðum, og borða þar saman þorramat.

**Útskrift elstu barna** – Í lok maí, byrjun júní er útskriftardagur elstu barnanna í leikskólanum. Þetta er eftirmiðdagur þar sem börn bjóða foreldrum að koma og vera viðstaddir þegar þau eru formlega

útskrifuð úr leikskólanum með skírteini, blómi og söng. Foreldrar koma með veitingar sem settar eru á hlaðborð og allir njóta saman að útskrift lokinni.